



Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. febrúar 2005

**Efni: Skýrsla starfshóps um umfang skattsvika á Íslandi, 442. mál.**

Samtök iðnaðarins fagna skýrslunni um umfang skattsvika. Skattsvik eru meinsemd sem þarf að stemma stigu við enda leiðir hún til skekktrar samkeppnisstöðu og gerir fyrirtækjum sem virða settar reglur erfitt fyrir. Þau er augljóst að fyrirtæki sem eru uppvis að skattsvikum greiða ekki til samfélagsins það sem þeim ber.

Að mati Samtaka iðnaðarins er ein helsta forsenda þess að draga úr skattsvikum, hverju nafni sem nefnast, að skatthlutföll séu lág, skattstofnar breiðir og undanþágur helst engar. Þetta á að vera forgangsverkefni stjórnvalda. Það er ósiður að nota skattkerfið sem farveg fyrir alls kyns jöfnununar- og bótagreiðslur og jafnvel farveg neyslustýringar á æskilegum vörum eða neyslu.

Gott dæmi um kerfi sem hefur verið skemmt með þessum hætti eru skattar á neyslu. Þar höfum við tvöfalt kerfi neysluskatta, annars vegar virðisaukaskattinn sem er í raun í þremur þrepum, 0%, 14% og 24,5% og síðan vörugjaldskerfið sem er með milli 15 og 20 gjaldflokka, ýmis krónur per lítra eða kíló eða hlutfall af verðmæti. Sérstaklega verður þetta kerfi flókið þegar skattlagning matvæla á í hlut og býður heim hættu á misferli.

Skýrslan sýnir glögg að umfangsmestu svikin flokkast undir svarta atvinnustarfsemi og aðrar vanframtaldar tekjur. Þar er áætlað að tapaðar skatttekjur nemi á bilinu 18 - 24 milljörðum. Það kemur jafnframt fram að atvinnugreinar á borð við byggingastarfsemi, mannvirkjagerð, ýmiss konar persónulega þjónusta og veitingastarfsemi eru líklegasti vettvangur skattsvika af þessu tagi.

Samtök iðnaðarins benda á umtalsverða aukningu á svartri atvinnustarfsemi og undanskotum í byggingariðnaði og mannvirkjagerð frá því síðasta skýrsla um umfang skattsvika var gefin út. Fyrir utan almenn sjónarmið sem reyfuð eru hér að framan eru Samtök iðnaðarins sannfærð um að verulegan hluta af skýringunni megi rekja til breytinga á reglum um endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu á byggingarstað og viðhaldsverkefnum. Endurgreiðslan var færð úr 100% í 60%. Þegar reglan var sett í upphafi var það einmitt til þess að draga viðskipti á þessu sviði upp á yfirborðið.

Samtök iðnaðarins eru sammála því að svört atvinnustarfsemi og undanskot tekna eru verulegt vandamál í byggingariðnaði. Þau hafa þess vegna bent á leiðir til úrbóta í þeim efnum. Auk þess að færa endurgreiðsluhlutfallið sem minnst er á hér að framan í fyrra horf hafa Samtök iðnaðarins bent á að skynsamlegt væri að gefa almenninga kost á skattaávilnunum í tengslum við sparnað til öflunar eða viðhalds

húsnæðis. Ekki væri unnt að taka út af slíkum reikningum og halda fríðindum nema gegn framvísun gildra reikninga vegna húsnæðiskaupa og/eða viðhalds húsnæðis.

Það er staðreynd að mörgu eldra fólki reynist erfitt að halda við eignum sínum og unga fólkið á yfirleitt ekki mikið eigið fé þegar ráðist er í íbúðakaup. Húsnæðissparnaðarreikningar myndu í senn auka sparnað og draga úr svartri atvinnustarfsemi. Reynslan af skattaívilnun vegna fjárfestinga í atvinnurekstri var góð og varð til þess að auka skilning og áhuga almennings á atvinnurekstri, auk þess að ýta undir sparnað.

Samtök iðnaðarins telja mjög mikilvægt að beita fræðslu og áróðri til þess að draga úr svartri atvinnustarfsemi og nótulausum viðskiptum. Neytendur gera sér oft ekki ljósa grein fyrir að þeir eru að fórna réttindum sínum varðandi ábyrgð á verkum og þjónustu þar sem sönnunarfærsla verður torveld liggja ekki reikningar að baki viðskiptum. Samtökin hyggjast beita sér á næstu misserum á þessum vettvangi líkt og þau hafa áður gert varðandi kennitöluskipti.

Samtök iðnaðarins eru reiðubúin til þess að eiga samstarf við stjórnvöld um þessi efni.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

  
Jón Steindór Valdimarsson  
aðstoðarframkvæmdastjóri